



Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 785/1998 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemina að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Bjarni Kristófer Kristjánsson
Sími ábyrgðarmanns	4556300
Netfang ábyrgðarmanns	einsi@holar.is
Nafn fyrirtækis	Háskólinn á Hólum
Kennitala fyrirtækis	5001694359
Starfsstöð fyrirtækis	Bleikjukynbótastöðin á Hólum
Póstnúmer og staður	551 Sauðárkrókur
Sími fyrirtækis	4556300
Netfang fyrirtækis	einsi@holar.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Einar Svavarsson
Sími tengiliðs	8925508
Netfang tengiliðs	einsi@holar.is

Uppýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Bleikjukynbótastöðin hefur það hlutverk að kynbæta stofn til eldis í íslenskum bleikjueldisstöðvum. Eldisrými stöðvarinnar er um 250 rúmmetrar. Stöðin framleiðir og selur augnhrogn til eldisstöðva. Umfang hrognasölu hefur verið 400-600 lítrar á ári undanfarin ár. Reiknað er með að það geti aukist í allt að 800 lítra á næstu 5 árum. Auk þess hafa farið 50-100 þúsund seiði frá stöðinni til bleikjueldisstöðva. Þá hefur stöðin afsett 3-4 tonn af matfiski á ári. Stöðin hefur ekki séð um vinnslu á matfiskinum. Hólalax h.f. hefur hingað til gert það. Gert er ráð fyrir að hafa sama fyrirkomulag á því áfram í samstarfi við Hólalax eða aðra sem sérhæfa sig í vinnslu og sölu á matfiski. Gert er ráð fyrir að lífmassi í stöðinni geti farið í allt að 14 tonn á næstu fimm árum. Auk ofangreindrar afsetningar er um að ræða afsetningu á aflóga klakfiski sem getur orðið allt að 3 tonn á ári. Fóðurstöð fyrir loðýrafóður á Sauðárkróki notar þetta í fóðurgerð. Sjálfdaður fiskur sem fellur til í smáum stíl allt árið er settur í poka og gám sem tekur við úrgangi sem er urðaður af Flokku á Sauðárkróki, þetta eru 5-10 kg á viku.

Við Bleikjukynbótastöðina starfa tveir í fullu starfi og aðrir tveir í hlutastarfi.

Uppdrættir af staðsetningu	UPPDRAETTIR (1)1601.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	BYGGINGAFULLTRÚI1601.odt
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	UMSAGNIR (2)1601.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Uppistaðan í hráefnanotkun er fiskafóður frá Laxá á Akureyri. Núverandi notkun er um 12 tonn á ári. Á næstu 5 árum má búast við að hún aukist í um 20 tonn.

Formalín er notað til að baða lifandi fiska gegn sníkjudýrum og svepp. af því eru notðir um 20 lítrar á ári. Það mun væntanlega aukast í um 30 lítra. Til að fyrirbyggja sveppamyndun á hrognum er notað efnið Pyceze, 40 ltr á ári, fer væntanlega í 80 ltr. Joð er notað til sýklavarna á nyfrjóvguð hrogn. Af því verða notaðir um 5 lítrar á ári. Svefnlyfið phenoxyethanol er notað vegna meðhönlunar fiska við hrognatöku og mælingar. Af því verða notaðir um 8 ltr á ári. Af þvottaefni til að þrifa eldisker eru notaðir um þar til gert efni frá EVANS, um 25 lítrar á ári sem mun væntanlega aukast í um 40 lítra með auknu eldi í stöðinni á næstu 5 árum.

Rafmagnsnotkun fyrir ljós og vatnsdælingu er um 90 þúsund kwst á ári. Á sennilega eftir að aukast í um 140 þúsund kwst á ári. Auk þess er notað heitt borholuvatn, 50 gráðu heitt., bæði til upphitunar húsnæðis og eldisvatns. Notkun á því er tæplaga 1 sekúndulíter að jafnaði.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Öll bað- og þvottaefni sem tilgreind eru hér fyrir ofan í hráefnanotkun eru á vökvaformi og fara út í frárennsliskurð sem flytur afrennslíð um 500 m leið í viðtakann Hjaltadalsá.

Í viðhengi með liðnum "Hver eru áhrif losunar á umhverfið" er mat á losun vegna fóðurs og úrgangs frá fiskunum.

Áhrif á umhverfið

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Sjá meðfylgjandi greinargerð í skrá tengdri næsta lið hér fyrir ofan. Það sem ræður vali á búnaði er eðli og umfang mengunarefna, geta búnaðarins til að koma algerlega í veg fyrir erfðamengun og draga það mikið úr efnamengun að hæpið sé að mengunin muni hafa marktæk áhrif á lífríkið í viðtakanum.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út LOSUNAREFTIRLIT.docx í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Innra eftirlit mun felast í skráningu á notkun þeirra hráefna sem hleypt er út í frárennsli stöðvarinnar og fódnotkun. Afsetning stöðvarinnar verður skráð. Þetta gefur færi á að meta hve mikið af fosfór og köfnunarefni fer út með affallsvatni. Daglega verður fylgst með að vatnshreinsibúnaður sé að vinna. Þegar síudúkur í tromlu bilar verður tiltækur varadúkur til að skipta um. Jafnframt verður skráð viðhald á búnaði. Reglulega verða setþrær tæmdar (einu sinni á ári) og það skráð.

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Endurnýting úrgangs verður með því að ráðstafa aflóga klakfiskum í fóðurgerð fyrir loðdýr og nota úrgang í setþró sem áburð á tún. Leitast verður við að lækka fódurstuðul til að draga úr losun efna með frárennsli.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Spilliefni sem falla til eru helst tómar rafhlöður fyrir vogir og önnur mælitæki. Það litla sem fellur til af því verður sent í Flokku á Sauðárkróki sem hefur farveg fyrir þess háttar.

Um annan úrgang vísast hér til greinargerðar sem vísað hefur verið til í fyrri lið.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar Önnur starfsemi (fóðurstöð og grasfóðurframleiðsla) sem mun nýta úrgang frá frá stöðinni veldur mengun eins og mörg manna verk. Hins vegar mun þessi úrgangur koma í staðinn fyrir annað svo að væntanlega mun þetta ekki auka mengun frá þessari starfsemi.

Munu losunarpættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér sammögnunaráhrif?

Vafalítið mun verða einhver sammögnun af t.d. P og N losun í samburði við að aðeins annað efnið færi út. Hins vegar eru þetta óveruleg áhrif að teknu tilliti til þess hve móttakinn Hjaltadalsá er stór.

Annað

Sýniseintök af áætlunum til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Bleikjukynbótastöðin hefur það hlutverk að kynbæta stofn til eldis í íslenskum bleikjueldisstöðvum. Eldisrymi stöðvarinnar er um 250 rúmmetrar. Stöðin framleiðir og selur aughrogn til eldisstöðva. Umfang hrognasölu hefur verið 400-600 lítrar á ári undanfarin ár. Reiknað er með að það geti aukist í allt að 800 lítra á næstu 5 árum. Auk þess hafa farið 50-100 þúsund seiði frá stöðinni til bleikjueldisstöðva. Þá hefur stöðin afsett 3-4 tonn af matfiski á ári. Stöðin hefur ekki séð um vinnslu á matfiskinum. Hólalax h.f. hefur hingað til gert það. Gert er ráð fyrir að hafa sama fyrirkomulag á því áfram í samstarfi við Hólalax eða aðra sem sérhæfa sig í vinnslu og sölu á matfiski.

Gert er ráð fyrir að lífmassi í stöðinni geti farið í allt að 14 tonn á næstu fimm árum.

Auk ofangreindrar afsetningar er um að ræða afsetningu á aflóga klakfiski sem getur orðið allt að 3 tonn á ári.

Fóðurstöð fyrir loðdýrafóður á Sauðárkróki notar þetta í fóðurgerð. Sjálfdaður fiskur sem fellur til í smáum stíl allt árið er settur í poka og gám sem tekur við úrgangi sem er urðaður af Flokku á Sauðárkróki, þetta eru 5-10 kg á viku. Notaður verður síubúnaður og setþró til að lágmarka losun úrgangs með frárennsli.

Við Bleikjukynbótastöðina starfa tveir í fullu starfi og aðrir tveir í hlutastarfi.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Eins og sjá má í vihengjum undir liðnum "Upplýsingar um atvinnurekstur" er þar ekki deiliskipulag, enda er það ekki til, hvorki fyrir þessa byggingu né aðrar á Hólastað.

Varðandi staðhætti þá er byggingin staðsett næst sunnan við nemendagarða og ofan vegar. Starfsemin er í fjárhúsum sem voru byggð á fyrri hluta síðustu aldar en síðan bætt og breytt til að gegna nýju hlutverki.

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar TIMABUNDINSTODVUN1601.docx

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar TIMABUNDINSTODVUN1601.docx

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Skirteini - Brunatrygging - 214-2751.pdf
lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda BRADAMENGUN1601.docx

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda BRADAMENGUN1601.docx

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn
